

LISTIR

# BLÁIR ERU DALIR ÞÍNIR

## TÓNLIST

### Hljómdiskar

#### SKÚLI HALLDÓRSSON

Bláir eru dalir þínir, Ásta Thorsteins-  
en, Kristinn Hallsson, Magnús Jón-  
son, Sigríður Gröndal, Karlakór  
Reykjavíkur. Skúli Halldórsson,  
píanó. Sinfóníuhljómsveit Íslands,  
Jean-Pierre Jacquillat, Páll P. Pál-  
sson. Umsjón með útgáfu: Jónatan  
Garðarsson. Skúlaútgáfan Bakkastíg  
1 Rvk. SHCD 002. Dreifing SPOR.

„BLÁIR eru dalir þínir“ kemur út í framhaldi af hljómdiskinum „Út um græna grundu“ frá síðasta ári og gefur ágæta og einkar áhuga-  
verða mynd af tónskáldskap Skúla Halldórssonar um tíu ára skeið (1975-85), auk „Hörpusveinsins“ frá árinu 1964. Efnisskránni er ágætlega raðað niður, hefst á til-  
komumiklu tónaljóði, „Gos í Heima-  
ey“. Verkið mun hafa verið tileinkað Vestmannaeyjakaupstað, sem væntanlega hefur gildið sína þakk-  
arskuld við tónskáldið, þótt ekki hafi farið af því neinar sögur. Eigin-  
lega hefur tónsmíðum Skúla Halldórssonar verið sýnt undarlegt tón-  
læti um allan langt skeið að undan-  
skildum 80 ára afmælistónleikum fyrir tveimur árum, en hljóðritanir frá þeim voru meðal verka á fyr-  
ringindum disk frá síðasta ári.

Kannski er Skúli Halldórsson dálífið „óheppilega“ staddur í tímanum, með fæturna í eldri hefð og þjóðleg-  
um arfi, en maður síns tíma engu að síður. Hann hefur á valdi sínu að skrifa fyrir hljómsveit (sem ekki er sjálfsgædd hlutur eins og dæmin sýna, allra síst þegar menn fara að apa eftir Brahms), jafnvel áhrifarík verk og áheyrileg, eins og fram kem-

ur á þessum hljómdiski. Persónulega þykir mér mest koma til fyrsta verks-  
ins í ágætum flutningi Sinfóníu-  
hljómsveitar Íslands undir stjórn (þess ágæta stjórnaða, sem við eig-  
um að minnast með þakklæti) Jean-  
Pierre Jacquillat. Hitt tónaljóðið (ek. blanda af ballöðu og „sálumessu“), „Pourquoi pas?“ (1986) er samið fyrir karlakór, sópran og hljómsveit við ljóð eftir Vilhjálm frá Skáholti, hér flutt af Sinfóníuhljómsveitinni og Karlakór Reykjavíkur, ásamt Sigríði Gröndal, undir stjórn Páls P. Pálssonar. Tæplega jafn samfelld lifandi tónsmíð og „Gosið“ (örlar fyrir „aðferð“ aðferðanna vegna...), en með áhrifamiklu niðurlagi og fallegu innleggi sópransins. Síðasta verkið, Sinfónía nr. 1 „Heimurinn okkar“, vitnar enn um færni Skúla að skrifa fyrir hljómsveit. Þetta verk (einum of stutt, en e.t.v. nægilega efnisríkt og vel unnið þess vegna) á að heyrast oft. En hér höfum við það í lifandi og þróttmiklum flutningi Sinfóníunnar undir stjórn Jean-Pierre Jacquillat.

„Hörpusveinninn“ við ljóð Jóhannesar úr Kötlum er hér í ágætum flutningi Kristins Hallssonar og Sinfóníunnar (Páll P. Pálsson). Að mörgu leyti ágætt verk – en dálítið „episodic“, sosem eins og fíðlusónötur Griegs og fleiri verk eftir yfirritaðan.

Skúli Halldórsson er e.t.v. þekkt-  
astur vegna sönglaganna og hér eru sex þeirra með píanóundirleik tón-  
skáldsins. Flest þeirra með þeim fallegri sem hann hefur samið, svo sem titillagið, „Bláir eru dalir þínir“, við ljóð Hannesar Péturssonar. Vel flutt af öllum. Og hljómgæði góð, miðað við aðstæður (sumt konsertupptök) og tíma.

Oddur Björnsson



Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU standa nú yfir æfingar á gamanleikriti Shakespeares, Sem yður þóknast, sem verður frumsýnt á Stóra sviðinu síðasta vetrardag.

## Sem yður þóknast

Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU standa nú yfir æfingar á einu allra vinsælasta gamanleikriti Shakespeares, Sem yður þóknast, sem verður frumsýnt á Stóra sviðinu síðasta vetrardag.

Leikstjóri er Guðjón Pedersen, dramaturg Hafliði Arngrímsson, höfundur leikmyndar Grétar Reynisson, höfundur búsinga Elin Edda Árnadóttir og ljósa-  
hönnuður Páll Ragnarsson. Egill Ólafsson semur tónlistina. Þýðandi er Helgi Hálfdanarson.

Leikendur eru Elva Ósk Ólafsdóttir, Edda Heiðrún Backman, Benedikt Erlingsson, Ingvar E. Sigurðsson, Stefán Jónsson, Sigurður Skúlason, Gunnar Eyjólfsson, Erlingur Gíslason, Steinn Ármann Magnússon, Hjálmar Hjálmarsson, Björn Ingi Hilmarsson, Edda Arnljótsdóttir og Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir.

## Lánleysi í Las Vegas

### KVIKMYNDIR

#### Saga bíó

GÆFUSPIL („DESTINY TURNS ON THE RADIO“)

Gullmolar – kvikmyndahátíð Sam-  
bíanna. Leikstjóri Jack Baran. Handritshöfundur Robert Ramsey. Kvikmyndatökstjóri. Tónlist. Aðal-  
leikendur Dylan McDermott, James Belushi, Quentin Tarantino, Nancy Travis, James LeGros, Bob Goldthwait, Allen Garfield. Bandarísk. Savoy Pictures 1995.

VIÐ SKULUM rétt vona að nýjasta stjarna kvikmyndaborgarinnar fari að hætta þeim óvana að leika (sér) í mislukkuðum B-myndum og fari að gera það sem hún eitt sinn kundi best – að leikstýra. Spútníkin er að falla til jarðar.

Dylan McDermott leikur Goddard, strokufanga á leiðinni til Las Vegas að hafa uppá Thoreau (James Le Gros), fyrrum félagan sínum. Þeir unnu saman á glæpabrautinni uns Goddard

var handsamaður en Thoreau hafar á braut með væna dollarafúlgva. Á leiðinni bjargar hinn dularfulli Johnny Destiny (Quentin Tarantino) Goddard frá dauða úti á eyðimörkinni og er svo að detta af og til inni frásögnina, gefandi Goddard föðurlegar ráðlegg-  
ingar. Goddard hefur uppá Thoreau og gömlu kærustunni (Nancy Travis), en dýpra er á lúkkunni.

Söguflétta er tæpast til staðar í innantómum reyfara enda handritið með eindæmum slápt. Reynt að skapa lævi blandið andrúmsloft ráð-  
gátunnar, spennu hasarmyndarinnar með sínum ómissandi hraðaksturs-  
atriðum, gamanmyndinni slett inni með þeim leiða Bob Goldthwait - (kunnastur fyrir fetfur og brettur í Lögregluskólamyndunum sem manna er síst búinn til að bæta fjör-  
ið. Rómátið fær sinn skammt, í líki barsönglans Lucille, osfrv. Hand-  
ónýtt allsaman. Fjölskráðugur leik-  
hópur er það eina forvitnilega við Gæfuspil en engan veginn næg ástæða til að eyða tíma sínum í þessi borginmannlegu mistök.

Sæbjörn Valdimarsson

### MYNDLIST

#### Kjarvalsstaðir

#### MÁLVERK/BLÖNDUÐ TÆKNI

Kjartan Ólason. Opíð kl. 10-18 alla daga til 24. mars. Aðgangur kr. 300 (gildir á allar sýningar). Sýningar-  
skrá kr. 550


ÞEGAR Kjartan Ólason kom fyrst fram á listvettvangi í lok síð-  
asta áratugar vöktu hin stóru málverk hans strax athygli, og notkun hans á textum sem hluta verkanna var nýstárleg. Hin tæknilega úrvinnsla var forvitnileg sem og viðfangsefnin, sem öðru fremur mátti kenna við einangrun mannsins þar sem hetjulegir mannsbúkar urðu nær umkomu-  
lausir í einsemd sinni.

Ferill listamannsins hefur verið skrykkjóttur og lítið sést af verkum hans um árabil. Hér er engu að síður ljóst að hann vinnur enn út frá þessum sama grunni, en í vestursal Kjarvalsstaða hafa verið sett upp ellefu umfangsmikil verk hans í þessum anda, þar sem umgjörð heildarinnar er ekki orðin síðri hluti hvers verks en málverk-  
in sjálf.

Sýningunni fylgir ekki skrá í venjulegum skilningi, heldur viðtal blaðamanns við listamanninn, þetta efni var raunar ekki til staðar frá upphafi sýningartímans, og er það miður. Í viðtalinu er komið víða við, og ýmis viðhorf Kjartans til listarinnar, viðfangsefnanna og annarra þeirra þátta sem móta listamanninn koma vel fram – en það er síðan sýningargesta að meta hversu vel þessi atriði fara saman við þau verk sem fylla salinn.

Á það hefur verið bent að hinar vöðvamiklu og ákveðnu mannvær-

# Hugsandi augu




KJARTAN Ólason: Í einrómi. 1992-95.

Morgunblaðið/Ásdís

ur í málverkum Kjartans eigi sér forfeður í áróðursverkum kommúnista og nasista frá fjórða áratugnum, þegar hetjur hinna vinnandi stétta voru hvað glæsilegastar. Hér er þó ef til vill réttara að tala um almenna, ópersónulega

erkitýpu (eins og listamaðurinn gerir), þar sem snúinn vöðvamassinn verður samtímis til að skapa samúð og ógn, alveg eins og göðar áróðursmyndir gerðu á árum áður. Þessi myndgerð á sér fleiri sögulegar tilvísanir, og undirritað-



Morgunblaðið/Hanna Hjartardóttir

### LEIKSTJÓRI og leikendur hylltir að lokinni frumsýningu.

# Fiskar á þurru landi

Kirkjubæjarklaustri. Morgunblaðið. UM SÍÐUSTU helgi frumsýndi Leikdeild UMF Ármanns leikritið „Fiskar á þurru landi“ eftir Árna Ibsen. Leikstjóri var Próstur Guðbjartsson. Er skemmst frá að segja að verkefnið þandi hláturtaugar frumsýningargesta til hins ýtrasta enda spaugið allsráðandi.

Leikendur eru fjórir: þau Gunnar Jónsson, Erna Margrét Jóhannsdóttir, Hlökkver Gunnars-  
son og María Guðmundsdóttir sem öll skiluðu hlutverkum sínum með sóma. Var leikendum, leik-  
stjóra og starfsmönnum sýningarinnar klappað lof í löfa að lokinni frumsýningu.

Leikhópurinn leggur land undir fót og sýnir í Árnes- og Rang-  
árvallasýslu og verður einnig með sýningu í Hafnarfirði. Þá er fyrir-  
huguð ferð í Örfæfi og til Hafnar í Hornafirði og loks munu heimamenn og gestir þeirra í páskavikunni geta notið leiksins laugardag fyrir páska.

ur minnst nokkurra mynda Paveles Filonovs frá fjórða áratugnum, sem hljóma vel saman við þessa myndýni.

Mesta breytingin á verkum Kjartans frá því sem áður var felst í að þau hafa vaxið langt út fyrir málverkin sjálf, og umgjörðin yfir-  
gnæfir oft á tíðum myndirnar. Tilgangurinn virðist helst sá að gefa verkunum aukna þyngd og stórfengleika; í stað málunar er því fremur rétt að tala um bland-  
aða tækni, og þessar myndir standa í heild sinni oft nær altar-  
istöflum eða minnismerkjum en málverkum.

Þetta er misráðið. Umgjörðin er á köflum svo yfirgengileg að hún snýst í andhverfu sína – of-  
hlaðna skreytni, sem skilar litlu en dregur athyglina frá þeim styrk framsetningarinnar, sem felst í málverkinu sjálfu. Myndsýn listamannsins líður þannig fyrir prjálíð.

Í list Kjartans er hins vegar áfram ákveðinn kjarni – umfjöllun um stöðu mannsins – sem er áhugaverður, og einstakur í hans myndmáli. Þetta skilar sér vel í sumum verkanna, og má m.a. benda á „Í einrómi“ og „Beygur“ sem dæmi þessa. Myndlist Kjartans vekur áhorfandann til um-  
hugsunar og það skiptir mestu, eins og hann segir í fyrrgreindu viðtali:

„Það sem er væntanlega áhuga-  
verðast við myndlist er sjónræni þátturinn og hvort sem menn vita af því eða ekki, þá vaknar einhver skilgreiningarþörf þegar horft er á mynd. Þótt það fari fram hjá flestum, þá hugsar augað.“

Listamaðurinn hefur unnið sitt verk með opnum huga, og nú er komið að okkur hinum að vinna úr því sem fyrir augu ber.

Eiríkur Þorláksson